

**Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Ingvars Þórs Sigurðssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (731. mál)

Þótt nefndin hafi ekki óskað eftir umsögn Viðskiptaráðs Íslands um þetta frumvarp vill ráðið gjarnan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina. Í frumvarpinu er lagt til að sameina þrjár stofnanir í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ekki verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, heldur er ætlunin að fjalla almennt um það hvernig ráðið telur að aðkomu opinberra aðila að nýsköpun og atvinnuþróun ætti að vera háttáð. Opinberir aðilar koma nú að nýsköpun og byggðaðróun með beinum og sértækum hætti, einkum með fjármögnun slíkra verkefna. Ekki er lagt til í frumvarpinu að mikil breyting verði á þessari aðkomu hins opinbera þótt ýmsum formsatriðum sé breytt.

Íslensku bönkunum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðust árum í kjölfar þess að þeir voru einkavæddir. Eru þeir vel í stakk búnir til að fjármagna ýmsa atvinnustarfsemi hérlendis. Þegar fyrirtæki leita á náðir opinberra sjóða um fjármögnun er það oftast en ekki vegna þess að bankar hafa ekki séð sér hag í að fjármagna þá starfsemi. Ástæðan er yfirleitt sú að talið hefur verið að verkefnið sé of áhættusamt í samanburði við líklega ávöxtun þess. Þegar það er raunin, er vandséð að æskilegt sé fyrir hið opinbera að fjármagna starfsemi sem aðrir hafa ekki séð sér hag í að gera. Gífurleg vanskil af lánnum Byggðastofnunar ættu því ekki að þurfa koma neinum í opna skjöldu.

Ef opinberir aðilar vilja auka nýsköpun og bæta atvinnulíf á landsbyggðinni verður það best gert með almennum aðgerðum, en ekki sértækum. Það er skoðun Viðskiptaráðs að það sé hlutverk ríkisins að skapa hér góðan jarðveg fyrir atvinnurekstur alls staðar á landinu í öllum atvinnugreinum. Slíkur jarðvegur verður best skapaður með lágum sköttum og einföldu regluverki sem er lítið íþyngjandi.

Atvinnulífið hefur sýnt það í verki að það er sjálft í stakk búið til að fjármagna og styðja við bakið á nýsköpun. Nú síðast sýndi Háskólinn í Reykjavík, sem Viðskiptaráð starfrækir, gott fordæmi og tilkynnti um stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins. Verður hún staðsett í Morgunblaðshúsinu við Kringluna.

Í 24. gr. segir að iðnaðarráðherra ákveði staðsetningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ráðherra hefur þegar líst því yfir að til standi að flytja hina sameinuðu stofnun til Sauðárkróks. Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins er nú staðsett á Keldnaholti í Reykjavík en Byggðastofnun er á Sauðárkróki. Um 90 manns vinna hjá þessum stofnunum í Reykjavík en um 20 á Sauðárkróki. Viðskiptaráð er almennt á móti því að opinberir starfsmenn og störf þeirra séu flutt nauðungarflutningum landshornanna á milli til þess eins að efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Það er stefna ráðsins að stofnanir eigi að vera þar sem hagkvæmast er að hafa þær. Ólíklegt verður að teljast að hagkvæmara sé að flytja 90 störf til Sauðárkróks í stað flutnings 20 starfa til Reykjavíkur. Auk þess er ekki sýnt fram á það að hin nýja stofnun geti ekki haft starfsemi á báðum stöðum. Til samanburður má nefna að Íbúðalánasjóður er nú með 20 starfsmenn á Sauðárkróki en 50 í Reykjavík.

Í ágætri umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem er fylgiskjal við frumvarp þetta segir: „...gera má ráð fyrir samlegðaráhrifum af sameiningu stofnananna.“ Verður það að teljast eðlileg niðurstaða að samanlagður kostnaður lækki en Viðskiptaráð gerir sér hinsvegar ekki miklar vonir um að þetta mat ráðuneytisins muni ganga eftir. Í kafla 3.1.1 í nýútkominni ítarlegri skýrslu Viðskiptaráðs „Ísland 2015“ kemur fram að í þeim dæmum um sameiningu stofnana sem skoðuð voru árunum 1999 til 2005 lækkað kostnaður ekki eins og oft var spáð, heldur jókst hann. Rétt er því að hvetja fjárveitingavaldið til að fylgjast vel með því að fjárveitingar til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands aukist ekki frá því sem nú er til Byggðastofnunar, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðapróun með sértækum aðgerðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson